

Stórhöfðinn er hans

Morgunblaðið/Sigurgeir

Óskar J. Sigurðsson á Stórhöfða í Vestmannaeyjum er vitavörður, veðurathugunarmaður og heimsmeistari í fuglamerkingum. **Guðni Einarsson** blaðamaður og **Sigurgeir Jónasson** ljósmyndari heimsóttu Óskar í Stórhöfða.

Ég er bókstaflega fæddur hér á Stórhöfða,“ segir Óskar Jakob Sigurðsson, vitavörður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum, sem kom í heiminn 19. nóvember 1937. „Stundum hef ég gantast með að ég sé heimskastur af öllum – í bókstaflegri merkingu frumnorrænni. Hef aldrei flutt neitt. Fermingarsystkini mín hafa öll flutt að minnsta kosti einu sinni – öll nema ég.“

Fjórar kynslóðir í karllegg

Stórhöfðaviti er syðsti mannabústaður Íslands og útvörður fyrir opnu haf. Vitinn, sem var reistur 1906, er fyrsta mannvirkid sem sögur fara af uppi á Stórhöfða og eitt af elstu steinhúsum landsins.

Afi Óskars, Jónathan Jónsson, tók við starfi vitavörðar 1910 og fluttist á Stórhöfða ásamt konu sinni Guðfinnu Þórðardóttur og börnum þeirra. Jónathan tók við af Guðmundi Ógmundssyni, sem var fyrsti vitavörðurinn á Höfðanum. Guðmundur var afi Guðmundar Kristjánssonar bifreiðastjóra og ökukennara, sem kenndi Óskari vitaverði á bil fyrir nærri hálfri öld.


Þau Jónathan og Guðfinna voru ættuð úr Mýrdalnum. Elst barna þeirra var Sigurður, faðir Óskars. Svo komu Gunnar, Sigríður og Hjalti, sem fæddist sama ár og fjölskyldan fluttist á Stórhöfða.

„Pabbi ólst að hluta til upp hér,“ segir Óskar. „Hann var tólf ára þegar þau fluttu á Stórhöfða og var þá búinn að eiga heima í Reykjavík í tvö ár. Pabbi gekk tvo vetur í Barnaskóla Reykjavíkur.“ Óskari þykir skrítið að hugsa til þess að einkunnabækur föður hans úr Barnaskóla Reykjavíkur séu að verða aldargamlar.

Bræðurnir Sigurður og Gunnar Jónathanssynir hjálpuðu föður sínum við veðurathuganir og vitavörsluna eftir því sem tók voru á. Sigurður flutti um tíma niður í Vestmannaeyjakaupstað og vann í fiskimjölsverksmiðju. Hann sneri aftur á Höfðann og tók formlega við vitavörslunni og veðurathugunum af föður sínum árið 1935.

Óskar fór snemma að aðstoða Sigurð föður sinn við veðurathuganir. Á yngri árum vann Óskar við fiskvinnslu í Fiskiðjuni en hætti þar fyrir réttum 40 árum. Stórhöfði er það sem kallast mönnum skeytastöð, en á slíkum stöðvum eru gerðar fleiri og ítarlegri veðurathuganir en á öðrum veðurstöðvum. Fyrsta verkefni Óskars við veðurathuganirnar var að athuga veðrið kl. 03.00.

„Maður er oft búinn að taka veðrið klukkan þrjú að nóttu,“ segir Óskar hugsi. „Ég gerðist formlega veðurathugunarmaður árið 1952 og hef verið við þetta síðan. Veðrið er tekið á þriggja tíma fresti, alla daga ársins. Þetta er skráð í bækur og send skeyti til Veðurstofunnar. Nú færir maður inn í tölvu og sendir þannig. Ég hef verið hér einn langtíma saman, en ég mæli ekki með því. Það verður ekki mikið um samfelldan svefn. Þetta eru ekki heilsusamlegir lífs-



Óskar J. Sigurðsson, vitavörður við Stórhöfðavita, sem byggður var 1906 og er eitt elsta steinhús á landinu.



Óskar og Pálmi Freyr, sonur hans, virða Stórhöfðann fyrir sér af sjó.

hættir. Óskar hefur verið með margar vekjaraklukkur sem stilltar eru til að hringja á ýmsum tímum sólarhringsins. En skyldi hann aldrei hafa sofið yfir sig?

„Ég neita því ekki að hafa einhvern tímann sofið af mér. Ef ég hef gleymt að stilla klukku þá vaknar maður við vonda draum og undrast þennan langa svefn. Kannski klukku tíma fram yfir tímann!“

Tvisvar á sólarhring, klukkan 9.00 að morgni og 18.00 síðdegis, er gerð stór athugun og athugaðir fleiri veðurþættir en á öðrum tímum sólarhringsins.

„Það er enginn hægðarleikur að meta ölduhæð úr 120 metra hæð,“ segir Óskar. Á árum áður voru veðurskip suður í hafi, Alpha og India, sem gáfu upp ölduhæð. Nú hjálpar öldudufll austan við Surtsey Óskari að meta ölduhæðina. „Mér er sagt að það sé að marka það,“ segir Óskar um reynslu sjómanna af duflinu.

Óskar tók formlega við starfi vitavörðar á Stórhöfða árið 1965. Nú er

Pálmi sonur hans, fjórði ættliður vitavörða í beinan karllegg, farinn að aðstoða föður sinn við veðurathuganir og vitavörslu.

Lífð á Stórhöfða

Þegar Óskar var að alast upp var stundaður smábúskapur á Stórhöfða og áður einnig róid til fiskjar úr Höfðavíkinni. Hjalti, föðurbróðir Óskars, sagði í samtali við Morgunblaðið að sér væri minnisstætt er hann og Gunnar bróðir hans reru úr Höfðavík. Þeir höfðu aðstöðu í landi í litlu húsi fyrir veiðarfæri og annað sem þurfti til róðrana. Róid var á sumrin á skektu, veitt á handfæri og fiskurinn saltaður. Eins var lundinn nytjaður, en veiðirétturinn tilheyrði bændum á Heimaey. Heimaey var skipt í veiðisvæði og var Stórhöfði eitt þeirra. Þurftu þau á Stórhöfða, líkt og aðrir tómthúsmenn, að afla sér veiðileyfis hjá bændum. „Það var gaman að vera á Stórhöfða og mikið um að vera kringum lundann,“ sagði Hjalti. Óskari er minnisstætt að faðir

hans og Gunnar föðurbróðir voru seigir við veiðskapinn.

Óskar segir að lengi hafi verið búid með eina kú og nokkrar kindur á Stórhöfða, en hvorki hesta né hænsn svo hann muni. Kúabúskapurinn lagðist af um 1960. Óskar hefur lengi verið með kindur og á nokkrar skjátur enn. Hann segir búskapinn vera að leggjast af og kindurnar að úreldest af sjálfu sér. Hann hefur ekki hleypt til á nna undanfarin ár, því hann hefur ekki kært sig um að fá lömb. Sonurinn hefur ekki áhuga á umstanginu sem fylgir því að sinna fé og því er búskapnum sjálfhætt. „Stundum hafa komið lömb sem ég átti ekki von á. Það hafa stolist hingað hrútar á óæskilegum tíma,“ segir Óskar.

Bestu ár ævinnar

Í seinni heimsstyrjöldinni settu Bretar upp eftirlitsstöð á Stórhöfða, síðan tóku Kanadameñ við og síðast Bandaríkjamenn sem reistu þar 10–12 bragga.

„Bretarnir voru fyrst hér í íbúðarhúsinu og fengu herbergi undir vitanum. Það var annaðhvort að útvega þeim pláss eða að þeir tækju það sjálfir,“ segir Óskar. „Það var sett varðskýli hér við hliðið og mátti enginn koma í heimsókn til okkar nema við tækjum ábyrgð á honum. Gestir voru sóttir út að hliði og fylgt hér inn. Það mátti enginn fara suður fyrir húsið og ekki upp í vitann. Þeir voru með eitthvert hernaðarleyndarmál hér fyrir sunnan, líklega radar. Foreldrar mínir voru með fjós fyrir sunnan húsið og máttu náðarsamlegast fara þangað.“ Óskar var þó undanþeginn slíkum reglum og valsaði um allt að vild.

„Í mínum huga eru þetta bestu ár ævinnar. Það voru kvikmyndasýningar og boðið upp á ávexti – hér í fásinninu. Bandaríkjamennirnir höfðu nóg af öllu, en það var knappara hjá Bretunum. Í stærsta bragganum var eldhús og borðsalur. Við eignuðumst skálann eftir stríð og hann stóð til 1991 að hann eyðilagðist í mikla rokinu hinn 3. febrúar það ár. Þá voru uppundir 130 hnútar í verstu hviðunum (240 km/klst. eða nærri 67 m/sek). Vindmælirinn mældi ekki nema 120 hnúta og hikaði þar. Fór ekki of-ár. Þetta var eitt mesta veður sem hér hefur gengið yfir.“

Miklar tækni framfarir vita

Þegar Óskar var að alast upp og fyrst eftir að hann tók við starfi vitavörðar var ströndin vörðuð mönnum vitum. Vitarnir standa flestir enn en fæstir mannaðir í dag. Sjálfvirkur búnaður hefur víða leyst mannhöndina af hólm. Segist Óskar vera einn eftir samkvæmt gömlum ráðningarsamningi vitavörða.

„Ég er síðasti vitavörðurinn í fullu starfi á landinu sem býr í vitanum,“ segir Óskar. „Á Dalatanga er jafnmikil veðurathugun og hér og þau sjá einnig um vitann. Þau eru á nýjum samningi en ég er sá síðasti eftir gamla fyrirkomulaginu. Svo er fullt af mönnum sem hafa eftirlit með vitum, jafnvel mörgum. Án þess að búa í þeim.“ Óskar segist hafa orðið hissa þegar starf vitavörðar á Horni var lagt af, þar hafi verið mikilvægur útvörður. Eins finnst honum slæmt að starf veðurathugunarmanna á Hveravöllum verði lagt niður.